# KÁLFHOLT 2 í Ásahreppi

## Deiliskipulagsbreyting




Breytt deiliskipulag í mkv. 1:1.000.




Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 í mkv. 1:50.000.




Gildandi deiliskipulag, minnkað í mkv. 1:2.000.

### GREINARGERÐ

### 1. INNGANGUR

**Skipulagssvæðið**

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðar sem merkt er F1 á deiliskipulagi fyrir Kálfholt 2 í Ásahreppi, landnr. 165296. Á lóðinni er gert ráð fyrir 5 gestahúsum til útleigu. Í þeirra stað verður heimilt að byggja eitt hús og byggingarheimildir rýmkaðar.

Í Kálfholti 2 er rekin ferðaþjónusta. Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 en þar er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði Þ4. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir hestaferðum, veitingasölu og gistingu.

Gildandi deiliskipulag var unnið af Steinsholti sf og er dagsett í október 2008. Að öðru leyti en því sem að neðan greinir gildir eldra skipulag.

### 2. DEILISKIPULAGSBREYTING

**Breyting á uppdrætti**

Gert er ráð fyrir einum byggingareit á lóð F1 í stað 5 áður. Bílastæði eru innan lóðar.

**Breyting á greinargerð**

Eftir breytingu verður kafli 2.2. eftirfarandi:
"Á lóð F1 er heimilt að byggja allt að 130 m² hús fyrir ferðaþjónustu. Mænishæð getur verið allt að 5 m m.v. gólfkóta".

Umfjöllun um smáhýsi í kafla 2.4 er felld út.

### 4. UMHVERFISÁHRIF

Í stað 5 lítilla gestahúsa er gert ráð fyrir einu stærra húsi. Heildar byggingarmagn á lóðinni er u.þ.b. það sama eftir breytingu. Þar sem áfram er gert ráð fyrir gistiaðstöðu á lóðinni eru áhrif á umhverfisþætti og samfélag metin óveruleg.

**Skipulagsgögn:**
Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.000.
Gildandi deiliskipulagsuppdráttur, minnkaður í mkv. 1:2.000.
Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps _____________

________________________________________
F.h. Ásahrepps

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda __________

## KÁLFHOLT 2

### Deiliskipulagsbreyting

| EFLA | | |
|---|---|---|
| | Verk: 7845-001 | Dags: 13.12.2018 |
| | Mkv. 1:1.000 í A3 | Breytt: |
| | Unnið: IS | Rýnt: ÁJ |
| | Samþykkt: | TILLAGA |